

Sextándi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 19. janúar 2015 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:00.

Mættir Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Maríanna Hugrún Helgadóttir, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Jakob S. Bjarnason f.h. Foss distillery ehf. sækir um starfsleyfi fyrir framleiðslu á áfengum drykkjum að Háholti 23 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.
- b. Tómas Boonchang f.h. T&D ehf. sækir um starfsleyfi fyrir rekstri veitingastaðarins YAM að Þverholti 2 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.
- c. Davíð Tryggvason f.h. Fæðubót ehf. sækir um starfsleyfi fyrir innflutningi og heildsölu á fæðubótarefnum að Dvergholti 11 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 12 ára með vísan til laga um matvæli“.

Umsóknir um tóbaksleyfi.

- d. Ólafur Ragnarsson f.h. Kaupás hf. sækir um endurnýjun leyfis til tóbakssölu í verslun Krónunnar að Háholti 13-15 í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 4 ára með vísan til laga um tóbaksvarnir.“
- e. Örn Franzson f.h. Olíuverslunar Íslands hf. sækir um endurnýjun leyfis til tóbakssölu í þjónustustöð OLIS við Langatanga í Mosfellsbæ.
„Samþykkt til 4 ára með vísan til laga um tóbaksvarnir.“

2. Umsagnir fyrir veitinga og gististaði

- a. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 12. janúar 2015 þar sem óskað var umsagnar um umsókn um tímabundið áfengis- og veitingaleyfi vegna þorablóts Ungmennafélagsins Aftureldingar, sem á að halda í Íþróttahúsinu Varmá í Mosfellsbæ laugardaginn 24 janúar n.k. Jákvæð umsögn með skilyrðum heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 15. janúar 2015.
„Staðfest.“
- b. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 19. janúar 2015 þar sem óskað var umsagnar um umsókn um tímabundið áfengis- og veitingaleyfi vegna þorablóts Veisluhússins ehf., sem á að halda í Félagsgarði í Kjós laugardaginn 24. janúar n.k. Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits var send með bréfi þann 19. janúar 2015.
„Staðfest.“

3. Umsagnir um skipulagsupprætti

- a. Lagt fram bréf Mosfellsbæjar dagsett 22. desember 2014 ásamt verkefnaýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu í landi Selholts v. víkingabæjar.
Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits dagsett 16. janúar 2015 - Umsögn heilbrigðiseftirlits.
„Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umsögn heilbrigðiseftirlits.“
- b. Lagt fram erindi Kjósarhrepps sem barst með tölvubréfi 14. janúar 2015 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulagstillögu í landi Háls, Ennishvarfi.
Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits dagsett 16. janúar 2015 - Umsögn heilbrigðiseftirlits.
„Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umsögn heilbrigðiseftirlits.“
- c. Lagt fram erindi Kjósarhrepps sem barst með tölvubréfi 14. janúar 2015 þar sem óskað er umsagnar um deiliskipulagstillögu í landi Þúfukots.
Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlits dagsett 16. janúar 2015 - Umsögn heilbrigðiseftirlits.
„Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umsögn heilbrigðiseftirlits.“

4. Bréf Brúneggja, ósk um niðurfellingu dagsekta.

Lagt fram bréf Brúneggja ehf. dagsett 16. janúar 2015 þar sem upplýst er um bráðabirgðalausn vegna losunar á skít frá Brúneggjum ehf á land Mosfellsbæjar við Sog, auk samkomulags um kaup Brúneggja ehf. á hauggeymslu við Brautarholt þar sem skítur mun fara í framtíðinni. Á grundvelli þessa er óskað eftir niðurfellingu álagðra dagsekta.

„Heilbrigðisnefnd samþykkir ofangreinda ráðstöfun og frestar álagningu og innheimtu dagsekta til 1. maí 2015 eða þangað til staðfesting fæst á umræddum kaupum á hauggeymslu.“

5. Málefni Mótomos mótorhjólafélags.

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlitsins til Motomos dagsett 4. desember 2014. Engin svör bárust frá Motomos en tölvubréf barst frá umhverfisstjóra Mosfellsbæjar dagsett 18 og 19. desember 2014 þar sem fram kemur að verið sé að vinna að deiliskipulagi vegna starfseminnar og beðið sé svara frá Skipulagsstofnun vegna matsáætlunar. Landmótun sé að vinna að gerð deiliskipulags. Tillaga að deiliskipulagi ástamt umhverfisskýrslu verði sett í auglýsingu þegar það liggur fyrir.

„Heilbrigðisnefnd frestar að taka ákvörðun vegna starfsleyfis fyrir Mótomos mótorhjólafélag þar til nefndin hefur verið upplýst um svör Skipulagsstofnunar til Mosfellsbæjar, í kjölfarið verður óskað umsagna skipulagsstjóra og byggingafulltrúa um starfsleyfið í samræmi við reglugerð 214/2014 um breytingu á reglugerð nr. 795/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.“

6. Fráveita Seltjarnarness

Lagt fram bréf Seltjarnarnesbæjar um stöðu fráveitumála á Seltjarnarnesi sent 30. desember 2014 þar sem nýrri fráveituframkvæmd á Seltjarnarnesi er lýst í samræmi við 17. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999 en þar kemur fram að sveitarstjórn skuli senda áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

heilbrigðisnefndar. Samkvæmt reglugerðinni höfðu sveitarfélög frest til ársloka 2005 til að byggja safnræsi með eins þreps hreinsun.

„Framkvæmdastjóra er falið að fá nánari upplýsingar varðandi fráveituframkvæmdir hjá sviðsstjóra umhverfissviðs Seltjarnarnesbæjar fyrir næsta fund.“

7. Önnur mál

- a. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dagsett 30. desember 2014 um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleyfa frá skipum.
- b. Lagt fram yfirlit frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins yfir útköll árið 2014 vegna leka á mengandi efnun.
- c. Lagðar fram leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna móttöku spilliefna í söfnunar- og móttökustöðvum sem eru með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

Fundi var slitið kl. 19:00.